

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samgöngustjóri hefur, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

1. Að eitt bifreiðastæði við Barónsstíg 25 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
2. Að eitt bifreiðastæði við Garðastræti 41 verði merkt sem stæði eingöngu fyrir kínverska sendiráðið.
3. Að annað af tveimur bifreiðastæðum sem í dag eru merkt kínverska sendiráðinu í Bríetartúni verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
4. Að bifreiðastæði við Laugaveg 145 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
5. Að eitt bifreiðastæði við Laugaveg 145 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjavík, 14. mars 2025.

Skrifstofu stjórnarsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,

Björg Ósk Gunnarsdóttir lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 28. mars 2025